

Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 23. MAÍ 2013

• Stofnað 1913 • 118. tölublað • 101. árgangur •



HYALFJÖRÐUR
SÝNDUR Í
CANNES

ÞÆR STUTTU 45



VERKFÆRI TIL
STEFNU-
MÖRKUNAR

VIÐSKIPTABLAÐ

SJÖ ERLENDIR
LISTAMENN SÝNA
Í DJÚPAVÍK

ÍSLAND Í NÝJU LJÓSI 10



Endurfjármagna lán á mun verri kjörum



Lán Vextir á lánunum munu hækka.

■ Við fjárhagslega endurskipulagningu fengu mörg fyrirtæki biðlán – fyrir 30% af heildarskuldum – til þriggja ára á hagstæðum vaxtakjörum. Nú stýttist í gjalddaga lánanna og ljóst að fæst fyrirtækjanna hafa greitt þau upp. Að óbreyttu þurfa þau að endurfjármagna lánin á hærri vaxtakjörum. Þetta kemur fram í lokaskýrslu nefndar um sér-tæka skuldaaðlögun. » **Viðskipti**

Kæstur hákarl á skrá hjá Slow Food



Hjallaburrkaður harðfiskur.

■ Kæstur hákarl, sjávarsalt af Reykjanesi og vestfirskur hjallaburrkaður harðfiskur eru meðal þeirra íslensku afurða sem skráðar eru á „Bragðörkina“, lista Slow Food-hreyfingarinnar yfir þjóðlegar afurðir sem eru í hættu að hverfa í hraða hversdagsins. Unnið er að skráningu fleiri íslenskra afurða. » **12**

MP banki áformar frekari yfirtökur

■ Preifingar hafa átt sér stað að undanförunni milli verðbréfafyrirtækjanna Virðingar og Auðar Capital um mögulega sameiningu fyrirtækjanna. Heimildir Morgunblaðsins herma hins vegar að ólíklegt sé að slík sameining verði að veruleika og að MP banki hafi uppi áform um að skoða yfirtöku á öðru hvoru féluginu. » **Viðskipti**



Morgunblaðið/Kristinn

Framsóknarráðherrar F.v.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.



Morgunblaðið/Golli

Sjálfstæðisráðherrar F.v.: Illugi Gunnarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Bjarni Benediktsson, Hanna B. Kristjánsdóttir og Kristján P. Júlíusson.

Nýliðar á ráðherrastólum

● Enginn nýju ráðherranna með ráðherrareynslu ● Undirbúningur hefst strax við samningu stórra frumvarpa ● Sumarþing verður haldið í byrjun júní

Guðni Einarsson
Hólmfríður Gísladóttir

Ný ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er skipuð níu ráðherrum, þremur konum og sex körlum, sem öll eru nýliðar á ráðherrastólum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verður forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra. Illugi Gunnarsson verður mennta- og menningarmálaráðherra, Ragnheiður Elin Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Eygló Harðardóttir verður félagsmálaráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson fer með sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfismál.

Einar K. Guðfinnsson verður tilnefndur sem forseti Alþingis.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir verður formaður þingflokks sjálfstæðismanna.

Sigmundur Davíð sagði það vissulega óvenjulegt að enginn í ríkisstjórninni hefði áður verið ráðherra.

Það mun heldur ekki hafa gerst áður í sögu lýðveldisins að allir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands séu nýir í því starfi. Meðalaldur ráðherranna nú er rúmlega 45 ár.

Ríkisstjórnarfundur á morgun

„Mitt fyrsta formlega verk sem forsætisráðherra verður að stýra ríkisstjórnarfundum, væntanlega á föstudag,“ sagði Sigmundur Davíð. „Þá hefst undirbúningur frumvarpa fyrir sumarþingið en einnig hefst strax undirbúningur stóru frumvarpanna fyrir haustþingið.“ Sumarþing hefst væntanlega í byrjun júní.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, verðandi innanríkisráðherra, sagði mörg brýn verkefni bíða í ráðuneytinu. „Verkefni sem lúta að samgöngumálum, dómsmálum, löggæslunni og sveitarstjórnarmálum. Í stjórnarsáttmálanum koma auðvitað fram ákveðnar áherslur, sérstaklega sem tengjast dómstiginu og lögreglunni, en allt eru þetta brýn mál sem ég hlakka mikið til að takast á við.“

Ríkisstjórnarmyndun » 2 og 4

HAGFRÆÐINGAR SPÁ AUKNUM HAGVEXTI OG MINNI ÓVISSU

Breyttum tóni er víða fagnað

Aðilar vinnumarkaðarins telja stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sýna vilja til viðtæks samráðs. Leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna segja ýmsar spurningar vakna við lestur sáttmálans og þeir hagfræðingar, sem spurðir voru álits, telja að hagvöxtur muni örvast. Þorsteinn Víg-lundsson, framkvæmdastjóri SA, fagnar þeirri áherslu sem nýja stjórnin hyggst leggja á atvinnu-málin. „Það er breyttur tónn frá því sem verið hefur,“ segir hann. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna telja nánari útfærslur skorta í stjórnarsáttmálanum. Meðal þess sem þeir gagnrýna er ónóg útfærsla á leiðréttingu á skuldum heimilanna og að lítil áhersla sé lögð á umhverf-

ismálin. Þrátt fyrir það lýsa a.m.k. tveir stjórnarandstöðuflokkanna sig viljuga til samráðs um skuldavanda heimilanna.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, segir stjórnarsáttmálann vera „samansafn óraunhæfra hugmynda.“ Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, segir lækkan veiðigjalds og tryggingagjalds líklega leið til aukins hagvaxtar og gefa væntingar um að atvinnuleysi minnki. Guðstaf Steingrímsson, hagfræðingur hjá Landsbankanum, telur að aukinn kaupmáttur geti smitast út í fasteignaverðið, en segir langtímaáhrif óljós. Þá muni draga úr óvissu í sjávarútvegi. » **6, 16 og 17**

Breyta þarf löggjöf að mati ESA

● ESA segir í rökstuddu áliti að Ísland hafi brotið gegn EES-samningnum með því að banna alfarið veitingu gengistryggðra lána í íslenskum krónum

Guðni Einarsson
gudni@mbl.is

„Álit ESA þýðir að Ísland þarf að breyta löggjöfinni. Algjört bann við því að gengistryggja lán er í andstöðu við ákvæði EES-samningsins um frjálst fjármagnsflæði,“ sagði Jónas Friðrik Jónsson lögmaður. Ísland braut gegn EES-samningnum með því að banna al-

farið veitingu gengistryggðra lána í íslenskum krónum. Þetta er niðurstaða rökstudds álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Jónas sagði ESA benda á að Ísland gæti tekið tillit til neytenda-sjónarmiða með því að setja varúðarreglur vegna slíkra lánveitinga, t.d. með því að gera kröfur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til neytenda.

Jónas sagði aðspurður að álit ESA gæti gefið tilefni til lögfræðilegra spurninga um dóma Hæstaréttar varðandi gengistryggð lán. Til dæmis hvort dæmt hefði verið eftir göllum lögum eða hvort ekki hefði verið horft til EES-réttar við túlkun íslenskra laga. Hvort heldur sem væri skipti ekki máli varðandi skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Jónas taldi erfitt að segja til um hvort rökstutt álit ESA gæti skapað íslenska ríkinu mögulega skaðabótaskyldu. Hann benti á að fordæmi væri fyrir því að íslenska ríkið hefði verið dæmt skaðabótaskyldt vegna brots á EES-samningnum, t.d. í svo-nefndu „Erlu Maríu“ máli. Ýmis skilyrði þurfi að uppfylla til þess að skaðabótaskylda skapist samkvæmt EES-rétti. Það þurfi að skoða. » **2**